

32
19. júní.

L ö g

um

framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Lög nr. 70, 27. júní 1921, skulu vera í gildi til ársloka 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

33
19. júní

L ö g

um

riett til fiskiveiða í landhelgi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Fiskiveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenskir ríkisborgarar einir reka,
og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna.